

Fyrirspurn frá áhreyrnafulltrúa Flokks fólksins: Landssvæðið á Hólmsheiði

Hvaða framtíðar hugmyndir eru hjá Reykjavíkurborg um landsvæðið á Hólmsheiði?



Reykjavík 1. apríl 2020

Varðar: Fyrirspurn frá áheyrnafulltrúa Flokks fólksins: Landsvæðið á Hólmsheiði

Um er að ræða fyrirspurn um hvaða framtíðar hugmyndir eru hjá Reykjavíkurborg um landsvæðið á Hólmsheiði.

Í vinnslu hefur verið um tveggja ára skeið rammaskipulag fyrir útivistarsvæðin í Reynisvatnsheiði, Grafarheiði og Hólmsheiði, sem fengið hefur vinnuheitið Austurheiðar. Innan svæðisins eru jafnframt Rauðavatn og Reynisvatn ásamt þeim hluta Langavatns sem er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur. Sjá afmörkun verkefnisins á næstu bls, en svæðið sjálft er mjög víðfemt og stórt alls tæplega 1.000 hektarar. Skipulagslýsing fór út snemma árs 2018, en í slíkri lýsingu koma fram áherslur Reykjavíkurborgar við skipulagerðina, hvernig samráði og kynningu er háttað, listi yfir umsagnar- og hagsmunadila o.fl, sjá hlekk: <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/austurheidar-skipulagslysing>

Ýmsar hugmyndir hafa verið um nýtingu Austurheiðanna undanfarin ár og en þróun svæðisins hefur litast af þeirri umræðu að þarna sé framtíðarbyggingarland Reykjavíkur. Þetta hefur nú breyst þar sem svæðið er utan vaxtarmarka þéttbýlis í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og í aðalskipulagi Reykjavíkur er stærsti hluti svæðisins skilgreint opið svæði, þar sem stefnt er að því stuðla að áframhaldandi þróun svæðisins til útivistar.

Fleiri og fleiri Reykjavíkingar og aðrir nýta Austurheiðarnar til útivistar og hefur verið vaxandi þörf fyrir stefnumörkun um uppbyggingu tengdri henni á svæðinu. Við skipulagsgerð hafa verið hafðir í huga þeir fjölbreyttu hópar fólks sem stunda útivist s.s. hestafólk, gönguskíði, fjallahjól, torfæruhjól, göngufólk, skokkara, - og fisflug svo eitthvað sé nefnt. Helstu viðfangsefni skipulagstillögunnar eru tilgreind í lýsingunni.

Segja má að meginmarkmið með gerð skipulagstillögu fyrir útivistarsvæði er að tryggja íbúum Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins aðstöðu til fjölbreyttrar útivistar og afþreyingar og um leið vernda náttúru með skýrari afmörkun svæða. Í tillögunni verða skilgreind svæði fyrir útivist af ólíkum toga t.a.m. út frá ólíkum hraða vegfarenda, hávaða og umfangi útivistar. Settir verða skilmálar sem snúa að því að bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu með skilgreinum gönguleiðum, kortum, áningarstöðum, leiðarvísingum og aðbúnaði.

Aðeins hefur dregist að fullmóta tillögu til kynningar, en gert er ráð fyrir því að kynna drög að skipulagstillögu á næstu vikum í Skipulags- og samgönguráði og fljótlega í kjölfarið að fara út með tillögu til almennrar kynningar.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson

